



Leikskólinn Sólborg á grænni grein haustið 2018



Skýrsla Leikskólans Sólborgar í Reykjavík
vegna umsóknar um Grænfána í fimmta sinn haustið 2018

Inngangur

Leikskólinn Sólborg hefur verið skóli á grænni grein frá því haustið 2009 en þá sóttum við formlega um til Landverndar um þátttöku í verkefninu Grænfáninn. Ferðalagið hefur verið lærdómsríkt og skemmtilegt. Nú skilum við inn greinargerð í aðdraganda að umsókn um fimmta fánann.

1. Umhverfisnefndin

- a. Umhverfisnefndin 2016 – 2017
Ragnheiður Þóra Kolbeins, aðstoðarleikskólastjóri
Ana Vanessa Alexandre Duarte, matráður
Lilja Þorsteinsdóttir, Víðistofu
Lilja Karlsdóttir, Reynistofu
Sjöfn Sigsteinsdóttir, Birkistofu
Brynhildur Axelsdóttir, Lerkistofu
Hera Dís Karlsdóttir Víðistofu
Katarzyna M.Konieczny-Puz Furustofu

Umhverfisnefnd barnanna 2016 – 2017

Elstu tveir árgangar hverju sinni sitja í umhverfisnefnd, þetta árið börn fædd 2011 og 2012. Við höfum ekki tekið út börn til að vera í sérstakri nefnd heldur vinnum þetta með hópnum í heild.

- b. Umhverfisnefndin 2017 – 2018

Ragnheiður Þóra Kolbeins, aðstoðarleikskólastjóri
Ana Vanessa Duarte, matráður
Lilja Þorsteinsdóttir, Furustofu
Sjöfn Sigsteinsdóttir, Reynistofu
Lilja Karlsdóttir, Birkistofu
Hera Dís Karlsdóttir, Víðistofu
Brynhildur Axelsdóttir, Lerkistofu

Umhverfisnefnd barnanna 2017 – 2018

Tveir elstu árgangarnir, börn fædd 2012 og 2013

Einn fulltrúi er fyrir hverja deild, einn frá eldhúsi og einn úr stjórnun.

Fundað er á u.þ.b sex vikna fresti í umhverfisnefndinni og tvisvar sinnum á önn með börnunum. Helstu ákvarðanir sem teknar eru á þessum fundum lúta að verkefnum líðandi stundar s.s. stöðu á moltutunnunum og verkefnum sem unnin eru með börnunum.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Í leikskólanum hefur verið unnið mjög markvisst síðustu tvö árin að þemunum lýðheilsa, soun og neysla. Einnig hefur öllu því góða starfi sem við höfum náð að festa í sessi á síðustu árum verið viðhaldið. Markmið lýðheilsunnar eru hér fyrir neðan og endurmatið skáletrað.

- a. **Lýðheilsa.** Stuðla að lýðheilsu innan skólans með því að huga að andlegri og líkamlegri heilsu.

Við munum einbeita okkur að hreyfingu, hollu mataræði og andlegri vellíðan. Nauðsynlegt er að tileinka sér hófsemi í daglegu starfi og munum við kenna börnunum það. Þau þurfa ekki stöðugt að vera að fá nýtt og nýtt viðfangsefni heldur staldra við og njóta. Kenna þeim að hafa eirð í sér til þess að vera til staðar í núinu, að staldra við, vera róleg í eigin skinni og njóta þess að vera hér og nú. Hér munum við nýta okkur útikennslubangsann. Gott væri að fá fyrirlesara á starfsdag til að hjálpa okkur við að heilsuefla leikskólann.

Endurmat: *Lýðheilsuverkefnið hefur verið tvíþætt þ.e. börn og starfsfólk. Starfsfólk leikskólans hefur verið ötult við að skrifa yfirmönnum hjá Reykjavíkurborg erindi um samgöngustyrki. Síðastliðið haust varð það að veruleika að Reykjavíkurborg ákvað að veita starfsfólki sínu samgöngustyrki ef þeir kysu sér vistvænan ferðamáta, þ.e. ganga til vinnu, hjóla eða nota almenningsamgöngur. Margt starfsfólk Sólborgar hefur nýtt sér þennan samgöngustyrk. Þetta eru 6000 kr. á mánuði og er styrkurinn endurnýjaður árlega. Leikskólinn tekur þátt í tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar og eru allir starfsmenn leikskólans þátttakendur í því. Vinnuvikan er 37 stundir í stað 40 stunda. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og eru ákveðnar reglur sem starfsfólk þarf að tileinka sér við slíkt tilraunaverkefni. Sem dæmi voru vinnutímar starfsfólks endurskoðaðir með tilliti til þess að allir verða nú að vinna langa og stutta daga. Starfsfólk tileinki sér að panta tíma vegna einkaerinda á þeim tíma sem þeirra stytting er. Auðvitað eru alltaf undanþágur frá slíku s.s. tímar hjá sérfræðilæknum eða vegna viðveru foreldra í viðtölum í grunnskólum. Fjarvistir vegna veikinda starfsfólks minnkaði mjög fljótt og teljum við að það megi rekja beint til verkefnisins.*

Hvað varðar barnahópinn höfum við markvisst unnið að því að gera hvíldaraðstöðuna þeirra betri t.d. endurnýjað rúmfatnað og dýnur. Rými deildanna hefur einnig verið lagað þ.e. húsgögnum fækkað og þannig meira pláss fyrir leikinn. Börnin eru að læra að tileinka sér hófsemi og læra að staldra við og njóta, en þar má gera enn betur, þetta markmið þarfnast lengri tíma. Útikennslubangsinn er bangsi sem á bakpoka með alls konar verkefnum. Hins vegar hefur hann ekki verið markvisst notaður. Hann er til og verður örugglega notaður síðar.

Matsalur í salnum: *Ákveðið var að útbúa matsal í salnum og auka þannig rými fyrir leik inni á deildum fyrir barnahópinn. Það var vel tekið í þessa hugmynd innan starfsmannahópsins og fóru stjórnendur og millistjórnendur í heimsóknir á aðra leikskóla til að kynna sér hvernig staðið hafði verið að málum. Haustið 2017 hófumst við handa og fjögur svokölluð mánabord sett fram ásamt stólum. Það kom fljótt í ljós að þetta voru of fyrirferðamikil bord og því*

festum við kaup á tveimur felliborðum. Fundað var með matráði og deildastjórum til að skipuleggja verkefnið ásamt því að setja niður verkefnaskipti þ.e. hver ber ábyrgð á því að leggja á borð og þrifa eftir matartímann. Byrjað var á því að hafa alltaf sama starfsfólk í salnum við að leggja á borð til að festa verkefnið vel í sessi. Það breyttist í vetur þegar við höfum þátttöku í verkefninu um stytting vinnuvikunnar en þá komu fleiri inn í verkefnið til skiptis. Eftir áramót fór að bera á því að starfsfólk vildi einnig nýta salinn undir kaffitíma barnanna. Það höfum við getað gert nema á miðvikudögum en þá er salurinn nýttur undir sjúkráþjálfun.

Huga þurfti vel að því að við vildum hafa andrúmsloftið rólegt og ný hljóðeinangrun í salnum reyndist mjög vel. Foreldrar hafa haft orð á því hve gott er að koma með börnin sín inní morgunmatinn í salnum, það sé ró yfir mannskapnum.

b. **Sóun**, s.s. minnka matarsóun:

Í góðu samráði við matráð munum við vinna markvisst að þessu markmiði. Stofurnar/deildirnar munu auka umræðu með börnunum um mikilvægi þess að skammta sér við hæfi á diskinn sinn og alltaf er möguleiki á því að fá meira ef maður er ekki orðinn saddur. Börnin munu læra að það er ekki í boði að taka 1-2 bita af matnum og henda svo. Sóun á öðrum þáttum munum við skoða.

Endurmat: Matarsóunarverkefnið hefur gengið vel og í þeirri vinnu höfum við markvisst unnið með starfsfólki og börnum. Matráður hefur haft umsjón með þessu markmiði og tók saman tölur fyrir okkur í vetur og voru þær sýndar starfsmannahópnum á skipulagsdegi. Einn af aðal þáttunum í því að minnka matarsóun er að kenna börnunum að borða matinn sem borinn er á borð. Byrja með mjög litla skammta og kenna þeim líka að hreinsa af diskunum sínum og fá svo meira. Þetta kemur inn á allskyns gildi eins og nægjusemi, þolinmæði, hófsemi og kurteisi. Þetta hefur gengið vel og starfsfólk mun halda áfram þeirri vinnu með nýjum barnahópi ár hvert. Við vinnum líka með þetta markvisst í ávaxtastundum, börnin þjálfast í því að klára bitann sinn.

Auk þess hafa starfsmenn sem vinna með elstu börnunum verið duglegir að fá börnin í lið með sér og hafa þau vigtað með aðstoð hve mikið þau skila í dallinn í stað þess að klára af disknum. Þau skrifa síðan sjálf hvað mikið hefur farið í sóun, síðan hafa þau verið með í að bera saman tölurnar frá viku til viku. Kapp var í börnunum og þau lærðu að skammta sér við hæfi og vildu alls ekki að það kæmu háar tölur á vigtina eftir hádegishléið.

Í upphafi skólaárs er erfitt að áætla nákvæmlega hversu mikinn mat þarf að elda hverju sinni. Matráður útbjó sérstakt eyðublað **Mat með heim – minnkum matarsóun**, sem hengt var upp á kaffistofunni og gat starfsfólk skráð sig á þann lista og tekið með afgangsmat heim frekar en að láta hann enda í ruslinu eða skemmast. Þegar leið á veturinn minnkuðu afgangar. Verkefnið hefur mælst vel hjá starfsfólki. Sjá viðhengi mat með heim – minnkum matarsóun.

Hér að neðan eru fjórar glærur sem matráður tók saman til að sýna niðurstöðuna úr verkefninu á skipulagsdegi.


MATARSÓUN

- Ákveðið var að vigta allan afgangsmat sem hreinsaður er af diskum barna (hádegismatur)
- Tímabil: 07.11.2017 – 19.01.2018

MATARSÓUN

- Fyrstu vikuna í desember hentum við rúmlega 5 kg af mat (Lerkistofa, Birkistofa, Furustofa & Víðistofa)
- 10. janúar 2018 var met. Afgangsmatur frá öllum stofum = 191 g (sveppasúpa)
- Á 10 dögum henti Reynistofa 580 gr (vel gert!)
- 11. janúar 2018 var kjúklingapotttréttur & hrísgrjón í matinn. Þennan dag fór í ruslatunnuna rúmlega 1,3 kg af mat
- Á 30 dögum fór rúmlega 25 kg af afgangsmat í ruslatunnuna
- Verum vakandi!

MATARSÓUN



MATARSÓUN



Önnur verkefni sem við höfum áður unnið að hafa viðhaldist og eru þau helst þessi:

Flokkun: Vel gengur að vinna í því og hefur nýtt starfsfólk fengið góðar upplýsingar um hvernig við stöndum að flokkuninni. Moltan okkar er í góðum málum og hefur losun á henni gengið vel. Við erum nú haustið 2018 loksins að fá þar til gert moltusvæði sem mun auðvelda okkur vinnuna næstu árin. Þetta eru smíðaðir kassar við hliðina á moltutunnunum og eru hið svokallaða stig 2. Áður höfum við losað úr tunnunum beint út í trjábeð í norður og stundum hefur fylgt þeirri vinnu vond lykt í nokkra daga. Endurnýting á efnivið sem flokkaður hefur verið er ekki mikil en í vetur fáum við fyrirlestur um skapandi starf með börnum og þá munum við eflaust taka kipp í slíkri vinnu.

Plastpokar og plastnotkun: Þetta verkefni gengur stundum mjög vel og svo ekki eins vel. Foreldrar eru hvattir til að mæta með margnota poka og hafa í hólum barna sinna til að grípa til þegar á þarf að halda. Starfsfólk er einnig hvatt til að nota enga plastpoka inná deildum og eru sérstakar bleyjutunnur á baðherbergjunum þar sem einn poki á að taka við mörgum bleyjum. Starfsmaður í leikskólanum tók sig til og saumaði úr stuttermabolum hrúgu af margnota pokum sem foreldrar gátu gripið í ef á þurfti að halda. Þeir skiluðu sér ekki vel til baka en við munum samt halda því verkefni áfram. Matráður er að endurskoða hjá sér notkun á plastfilmu sem stundum er sett yfir sérfæði einstakra barna.

Orkan/rafmagn: Þetta verkefni gengur mjög vel og hafa allir starfsmenn tileinkað sér það að slökkva þegar rými eru yfirgefin ásamt því að allar tölvur eru stilltar þannig að það slokknar á skjám eftir stutta stund frá því tölva er yfirgefin. Við höfum tekið þátt í norræna rafmagnsdeginum sem er 23. janúar og haft rafmagnslausan morgun þann dag eða annan dag nálægt dagsetningunni. Markmiðið er að börnin átti sig á því hvað rafmagn er stór þáttur í daglegu lífi okkar og hvað það veitir okkur mikil lífsgæði.

Vistvænar samgöngur: Samgöngustyrkur Reykjavíkurborgar tók gildi haustið 2017 og var það mikið framfaraspor hjá Reykjavíkurborg. Hjá okkur í leikskólanum eru margir sem nýta sér þennan styrk.



3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Næstu tvö árin ætlum við að einbeita okkur að þemunum landslag, áttahagar og lífbreytileiki. Við settumst niður í endurmati með börnunum og fylltum út í þessa tvo lista og urðum sammála um að þar gætum við unnið að skemmtilegum verkefnum næstu tvö árin.

Markmiðin eru á sérblöðum.

4. Eftirlit og endurmat

- a. Eftirlit og endurmat er unnið nokkuð jafnt og þétt á svokölluðum umhverfisnefndarfundum. Einn fulltrúi hvernar deildar, fulltrúi stjórnenda ásamt matráði sitja þessa fundi og teymisstjóri setur upp dagskrá fyrir þá.
- b. Við höfum á síðustu tveimur árum æft okkur í að nota umhverfismatið, gátlista fyrir leikskóla. Það hefur verið mjög gaman og aðgengilegt að nota þá. Við völdum næstu þemu út frá slíkri vinnu.

5. Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá.

Undanfarin tvö ár höfum við ekki útbúið mörg verkefni með börnunum. Við höfum nýtt efni sem við höfum átt s.s. glærur, myndasýningu og efni frá Sorpu. Við vinnuna um sóun höfum við mest einbeitt okkur að matarsóun og þá voru börnin að útbúa línurit myndrænt á tússtöflu. Lýðheilsuverkefnið útheimti heldur ekki námsefni. Hins vegar var lóð leikskólans tekin í gegn sumarið 2018 og er nú búið að taka í notkun sérstakt ungbarnasvæði. Það gerir okkur kleift að skipta barnahópnum niður á útisvæðinu og hafa meiri ró í kringum þau litlu.

6. Kynning á stefnunni.

- a. Foreldrar eru upplýstir um stefnu leikskólans í umhverfismennt á kynningarfundum á haustin. Auk þess eru fréttir af verkefninu á heimasíðu leikskólans.
- b. Við tökum ennþá á mótum erlendum sem innlendum gestum og þá er stefnan alltaf kynnt. Leikskólinn er í Erasmusverkefni fimm landa sem ber enska heitið *Autistic child in a mainstream class: resources for school staff to promote fully inclusive learning process* og gengur eins og nafnið gefur til kynna út á kennslu einhverfra barna í skóla án aðgreiningar. Heimsóknir milli landa til að skoða skóla hvers þátttakanda er einn af þáttunum. Erlendu gestirnir voru hjá okkur í júní 2018 og þá kynntum við verkefnið vel fyrir þeim.
- c. Við höfum haft leikskólakennaranema og þroskaþjálfanema sem hafa fengið kynningu á stefnu leikskólans í umhverfismennt.

7. Umhverfissáttmálinn

Við höfum ekki útbúið nýjan umhverfissáttmála á síðustu tveimur árum því við höfum verið ánægð með þann sem saminn var haustið 2014. Nú væri lag að kíkja á hann á næstu tveimur árum og útbúa nýjan með nýjum barnahópi. Þessi sáttmáli stendur því:

- a. Við setjum ofan í ruslagáma það er endurvinnsla. Við flokkum til þess að passa landið okkar, svo landið okkar verði fínt. Við flokkum til þess að geta fengið nýjar bækur og peysur (kom eftir áhorf á myndband á vef Sorpu) Við setjum ávextina í drulluna og þá breytast þeir í mold. Grænfáninn merkir að það á ekki að henda rusli á jörðina.

Umhverfissáttmáli Sólborgar sem var saminn, kynntur og samþykktur af öllu starfsfólki skólans vorið 2010 stendur enn sem sáttmáli fullorðinna. Hann er á heimasíðu leikskólans og einnig í ramma í fundarherbergi leikskólans.

- b. Leikskólinn Sólborg starfar í umhverfismálum samkvæmt gildum umhverfisverndar. Markmið okkar er að börn og fullorðnir tileinki sér umhverfisvæna siði og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Við leikskólann er starfandi umhverfisnefnd sem í sitja fulltrúar stjórnenda, foreldra, starfsmanna og elstu barna. Leikskólinn Sólborg tekur mið af umhverfisvernd varðandi flokkun sorps, endurvinnslu, notkun efna, orku og vatns. Við nýtum umhverfið okkar til fræðslu og ræktum kartöflur og krydd innan leikskólalóðar.

8. Lokaorð

Umhverfi Sólborgar er mjög vel til þess fallið að takast á við þessi nýju þemu, landslag, áttthagar og lífbreytileiki. Við þurfum ekki að leita langt til að finna viðfangsefni sem tengjast beint þessum verkefnum og að vissu leyti erum við löngu bytjuð því útikennsla hefur verið liður í starfi Sólborgar frá því árið 2005. Þar höfum við unnið margt sem tengist þemunum, það má segja að við höfum verið að vinna grunnvinnuna. Í þessum nýju áherslum verður við enn einbeittari og munum við útvíkka verkefni og fræðsluna.

Við munum svo halda áfram með gömlu verkefni okkar eins og flokkun pappírs, plasts og með moltugerð. Einnig vinnum við að matarsóunarverkefninu okkar áfram en þetta eru allt verkefni sem við teljum orðið sjálfsagðan hlut í öllu okkar daglega lífi, bæði í Sólborg og eins á heimilum okkar.

Hvað varðar markmiðin um lýðheilsu okkar allra, þá hefur stytting vinnuvikunnar, samgöngusamningur Reykjavíkurborgar og bætt aðstaða starfsfólks og barna skilað sér vel. Veikindadögum starfsfólks hefur fækkað og börnin una sér vel á daginn afslöppuð og sæl.

Fyrir hönd umhverfisnefndarteymis Sólborgar
Ragnheiður Þóra Kolbeins, aðstoðarleikskólustjóri